

**Sp.**

**10. Fyrirspurnir.**

[10. mál]

I. Til fjármálaráðherra um breytingar á nýju vísitölunni.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvernig hefur vísitala sú, sem miðast við neytlurannsókn frá 1965, breytzt, síðan tekið var að reikna hana út?

II. Til ríkisstjórnarinnar um kostnað við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvað voru margir starfsmenn hjá Tryggingastofnun ríkisins í Reykjavík árið 1966?

Hvað námu launagreiðslur til þeirra mikilli fjárhæð samtals á því ári?

Hve mikill var annar kostnaður við rekstur stofnunarinnar í Reykjavík það ár?

Hvað voru margir umboðsmenn og starfsmenn Tryggingastofnunarinnar utan Reykjavíkur árið 1966?

Hver voru helztu störf þeirra?

Hve miklu námu greiðslur til þeirra fyrir unnin störf í þágu stofnunarinnar alls á árinu?

Hve miklu samtals nam annar kostnaður stofnunarinnar utan Reykjavíkur á því ári, ef einhver var?